

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2022
UST202209-038/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Umhverfismatskýrsla. Efnistaka í Seyðishólum.
Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Umhverfisstofnun telur að sú áætlun um viðskilnað við svæðið að þeirri efnistöku lokinni sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir nánast sömu ásýnd svæðisins eða nokkuð verri en er í dag sem að áliti Umhverfisstofnunar er til lýta. Gera þarf frekari kröfur um viðskilnað svæðisins þannig að þegar þeim áfanga efnistökkunnar sem hér um ræðir lýkur verði ásýnd svæðisins slík að unnt verði að hætta efnistöku ef vilji verður til þess. Umhverfisstofnun bendir á að Skipulagsstofnun samþykkti matsáætlunina með þeim skilyrðum að í umhverfismatskýrslu yrði gerð grein fyrir frágangi svæðisins að vinnslutíma loknum. Umhverfisstofnun telur að ekki sé gerð grein fyrir frágangi með fullnægjandi hætti í skýrslunni.

Umhverfisstofnun telur að nú sé náman lýti í landinu og muni verða það áfram. Það er skiljanlegt að útlit námunnar er slíkt sem það er vegna annarra sjónarmiða varðandi umgengni um landið sem ríkti á sínum tíma þegar efnistaka hófst þarna fyrir 70 árum.

Hér er um jarðmyndun að ræða sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Í skýrslunni segir að Seyðishólum hafi þegar verið raskað á óafturkræfan hátt og það sé því mat skýrsluhöfunda að 61. gr. náttúruverndarlaga eigi ekki við í þessu tilfalli. Umhverfisstofnun bendir á að það er ekki matsatriði hvort 61. gr. eigi við um Seyðishóla. Seyðishólar eru gjall- og klepragígur sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Einnig bendir stofnunin á að þrátt fyrir að svæðinu hafi verið raskað þá réttlætir það ekki frekara rask.

Í skýrslunni kemur fram að áhrif áframhaldandi vinnslu gjalls í námunni muni hafa lítil sem engin áhrif á jarðmyndanir svæðisins umfram það sem orðið er. Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir það þar sem áætlað er að rúmlega tvöfalda það heildarefnismagn sem tekið hefur verið síðastliðin 50 ár á næstu 15 árum.

Það hljóta að teljast umtalsverð umhverfisáhrif hvernig gengið hefur verið um námuna til þessa og munu verða umtalsverð umhverfisáhrif vegna frekari skerðingar á jarðmynduninni ef efnistakan verður með þeim hætti sem lýst er í umhverfismatskýrslunni og skilið verður við svæðið þannig að ráðast þarf í frekari efnistöku að fyrirhuguðum vinnslutíma loknum til að móta jarðmyndunina og milda

ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun telur að aðgerð sem felst í því að móta svæðið að nýju muni verða sýnilegt um nokkurn tíma sérstaklega vegna litamunar á öröskuðu og röskuðum hluta þar sem jarðmyndunin hefur verið mótuð að nýju. Það er ljóst að sú aðgerð verður sýnileg en hér þarf að líta til lengri tíma jafnvel 50-100 ára. En á endanum má gera ráð fyrir að svæðin veðrist saman og jafnvel að unnt verði að ráðast í aðgerðir til að jafna litamun á nýrri landmótun og upprunalegri ásýnd hólanna. En mestu máli skiptir að unnt verði að skilja sómasamlega við svæðið þegar umræddri efnistöku lýkur.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur